

**S é r a t k v æ ð i****hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar  
og Halldórs Þorbjörnssonar.**

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara um annað en málskostnað. Við teljum, að dæma beri áfrýjanda til þess að greiða stefndu Tómasi Zoëga, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Guðmundi Jónssyni, Gunnari Sæmundssyni, Diðrik Sigurðssyni, Einari Bergmann, Boga Ingimarssyni, Útvegsbanka Íslands og Grétari Haralds-syni 5.000.00 krónur hverjum í málskostnað.

Miðvikudaginn 22. maí 1985.

Nr. 230/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Steinari Guðmundssyni**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Manndráp.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar af ákærvaldsins hálfu samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974. Af ákærvaldsins hálfu er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans þyngd.

Ágrip barst Hæstarétti 14. mars 1985.

Lögð hefur verið fyrir Hæstarétt ályktun Læknaráðs, þar sem fallist er á niðurstöðu Hannesar Péturssonar yfirlæknis um sakhæfi ákærða.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að eigi sé sannað, að ákærði hafi tekið fyrirfram ákvörðun um að svipta Guðmundu lífi hinn 31. janúar 1984, þótt hann hafi viðhaft ummæli í þá átt skömmu

áður. Hins vegar má álykta það af ummælum þessum, sem telja verður sönnuð, að ákærða hafi þá verið fullljóst, hverju hægt væri að valda með því að toga í trefil þann, sem vafinn var um háls konunni. Það atferli ákærða að taka í trefil þennan, sem tvívafinn var um háls Guðmundu, og draga hana þannig niður í rúm og halda síðan fast í trefilinn nærri hálsi hennar, svo sem lýst er í héraðsdómi, var stórháskalegt, og gat ákærða ekki dulist, að yfirgnæfandi líkur væru á því, að hún hlyti af því liftjón. Ber að heimfæra verknað hans undir 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda fær ölvun hans, er hann framdi verknaðinn, eigi leyst hann undan refsingu samkvæmt þeirri grein, sbr. 17. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 8. tölulið 70. gr. og 9. tölulið 74. gr. almennra hegningarlaga, svo og því, að ákærði hefur ekki, svo vitað sé, gerst brotlegur við almenn hegningarlög áður, hæfilega ákveðin fangelsi í 6 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 1. febrúar 1984 komi refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, svo sem greint er í dómsorði.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Steinar Guðmundsson, sæti 6 ára fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist ákærða óslitið frá 1. febrúar 1984 komi refsivist hans til frádráttar. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. september 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 13. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem yfirsakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 433/1984: Ákærvaldið gegn Steinari Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 29. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. maí sl., fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur „Steinari Guðmundssyni verkamanni, Njálsgötu 48A, Reykjavík, nú gæsluvarðhaldsfangi í Hegningarhúsinu, fæddum í Reykjavík 4. apríl 1947, fyrir að hafa, síðdegis þriðjudaginn 31. janúar 1984, svipt Guðmundu Gísladóttur, til heimilis Öldugötu 48, Hafnarfirði, lífi í íbúð sinni í húsinu Njálsgötu 48A, með því að hafa í átökum við hana, er hún hugðist fara á brott úr íbúðinni, hert að trefli er hún hafði tvívaðinn um háls sér og ekki linað þau tók fyrir en ákærði sá, að Guðmunda hafði misst meðvitund og hann varð þess áskynja, að hún var látin.

Verknaður ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

1965 12/4 Reykjavík: Sátt, 400, kr. sekt fyrir ölvun.

1969 7/5 Reykjavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi í 4 mánuði.

1973 10/5 Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

*Málavextir eru þessir:*

Þriðjudaginn 31. janúar sl., kl. 18:57, hringdi Steinar Guðmundsson, ákærði í máli þessu, á lögreglustöðina og tilkynnti, að hann héldi, að hann hefði orðið unnustu sinni að bana í átökum á heimili hans að Njálsgötu 48A hér í borg. Ákærði var að heyra mjög ölvaður og æstur og erfitt að skilja hann. Hann bað um, að lögreglumenn kæmu á staðinn og kvaðst bíða þeirra. Héldu tveir lögreglumenn þegar heim til ákærða. Þegar þangað kom, hittu þeir fyrir ákærða og mann að nafni Jón Yngvi Yngvason. Ákærði var mjög áberandi ölvaður að sögn lögreglumannanna og Jón Yngvi talsvert ölvaður. Lögreglumönnum var vísað inn í stofu, sem er inn af eldhúsi í íbúð Steinars. Þar lá kona á svefnbökk, og virtist hún látin. Samkvæmt skilríkjum hét kona þessi Guðmunda Gísladóttir, fædd 24. febrúar 1944, til heimilis að Öldugötu 48, Hafnarfirði. Rannsóknarlögreglumenn voru kvaddir á staðinn svo og aðstoðarborgarlæknir. Kannaði hann ástand Guðmundu og kvað hana látna.

Þeir ákærði og Jón Yngvi voru fluttir á lögreglustöðina og settir í fangaeymslu. Að sögn Bertrams Möllers aðstoðarvarðstjóra var ákærði mjög áberandi ölvaður og virtist í mikilli geðshræringu. Sagðist hann hafa drepíð kærustu sína. Ákærði var annars nánast óviðræðuhæfur vegna þessa

ástands síns. Jón Yngvi sagðist hafa komið heim til Steinars að Njálsgötu 48A um kl. 18:00 þetta kvöld. Hefði Steinar verið grátandi og sagt honum, að hann hefði kyrkt kærustu sína í trefli. Kvaðst Jón Yngvi hafa ætlað að hringja á lögregluna, en Steinar bannað sér það. Hefði síðan liðið nokkur stund, þar til Steinar hringdi sjálfur á lögregluna.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður athugaði lík Guðmundu Gísladóttur. Segir svo í skýrslu hans:

„Á svefnbekk í stofu inn af eldhúsi liggur kona, sem er látin. Sæng er breidd yfir líkið og hylur það frá tám upp að hálsi. Undir höfði líksins er svæfill og á honum tveir blóðlitaðir blettir. Sængurver sængurinnar (svo) er blautt neðan til og sú bleyta rauðleit. Líkið liggur á svampdýnu og virðist dýnan snúa öfugt á svefnbekknum.

Líkið liggur á bakinu, höfuð hallar til hægri, hægri handleggur liggur niður með síðu, vinstri upphandleggur liggur með síðu, en framhandleggur og hendi hvíla á maga. Líkið er lítilsháttar snúið um mjöðm, þannig að þungi hvílir á hægri mjöðm. Vinstri fótur er beinn, en hægri fótur lítilsháttar krepptur um hné. Bláleitir blær er á andliti líksins.

Líkið er klætt svörtum jakka, kragi hans dreginn niður fyrir axlir, svartri stuttermá peysu og dökkum gallabuxum.

Framan á hálsi líksins er ljós rönd á hörundinu 5 til 6 cm breið og liggur frá barka aftur og upp að vinstra eyra. Á handarbaki hægri handar eru 3 lítil hringlaga sár, sem virðast ekki ný, þar sem hrúður er yfir þeim. Á svefnbekknum við vinstri hlið líksins er gervitanngarður úr neðri góm. Líkið er volgt viðkomu.

Á gólfi við höfðalag svefnbekksins er lítil dökk hárflygsa. Í dyraopi í herbergi inn af stofu liggur hvítur ullartrefill með kögri á báðum endum. Á treflinum eru blóðlitaðir blettir, kám og hárflygsa.“

Rannsóknarlögreglumenn fóru til Hafnarfjarðar og tilkynntu fyrrverandi eiginmanni Guðmundu, Gísla Gunnarssyni, Skúlaskeiði 28, lát hennar. Gíslu upplýsti, að þau Guðmunda hefðu skilið að lögum haustið 1980. Guðmunda hefði átt við mikið áfengisvandamál að stríða og farið í meðferð tvívegis hjá SÁÁ vegna þess, í fyrra skiptið árið 1979. Að öðru leyti sagði Gíslu, að heilsufar hennar hefði verið gott. Hann sagði, að þau hefðu átt saman fjögur börn, þrjú hefðu búið hjá Guðmundu að Öldugötu 48, Hafnarfirði, en elsta dóttirin væri gift og búsett í Hafnarfirði.

— — —

Vitnið Kristgeir Sigurgeirsson leigubifreiðarstjóri, Leirubakka 2, ekur á bifreiðastöð Steindórs. Vitnið hefur skýrt frá því, að það hafi ekið ákærða, Steinari Guðmundssyni, frá Hótel Loftleiðum laugardagskvöldið 25. janúar sl. milli kl. 19:00 og 20:00.

Steinar var að sögn vitnisins mikið undir áhrifum áfengis og e.t.v. lyfja. Hann var mjög æstur í skapi og talaði um, að honum hefði verið vísað út af hótelinu, en Guðmunda unnusta hans væri með einhverjum manni þar uppi á herbergi. Var hann mjög ósáttur með þetta. Sagðist hann ætla að drepa þau bæði og dyraverðina og talaði um að skera þá á háls. Steinar fór úr bifreiðinni við Hótel Esju.

Vitnið kveður Steinari hafa verið ekið talsvert í bifreiðum frá bifreiðastöð Steindórs. Hefur það nokkrum sinnum ekið honum. Hann hefur alltaf verið einstakt þrúðmenni nema í þetta eina skipti.

Vitnið Jónas Haraldsson leigubifreiðastjóri, Súluholti 3, Villingaholts-hreppi, ekur leigubifreið frá bifreiðastöð Steindórs. Vitnið hefur skýrt frá því, að það hafi verið sent frá bifreiðastöðinni þriðjudaginn 31. janúar sl. um kl. 14:00 að veitingahúsinu Rán við Skólavörðustíg. Þar kom ákærði, Steinar Guðmundsson, í bifreiðina, og var hann talsvert ölvaður. Bað hann vitnið um að aka að Laugavegsapóteki. Á leiðinni þangað var hann eitthvað ör í skapi að sögn vitnisins og megi segja, að þegar þeir mættu öðrum bifreiðum, hafi hann sífellt verið að tala um að berja bifreiðastjórana. Fannst vitninu á Steinari sem honum fyndist bifreiðarnar vera fyrir þeim.

Þegar að Laugavegsapóteki kom, fór Steinar úr bifreiðinni og inn í apótekið. Á meðan hann var þar, var kallað í vitnið um talstöð og sagt, að hringt hefði verið frá veitingahúsinu Rán, vegna þess að Steinar hefði ekki greitt reikninginn, og var beðið um að fá að ræða við hann.

Þegar Steinar kom í bifreiðina aftur, sagði vitnið honum frá þessu, og kannaðist hann við að hafa ekki greitt reikninginn á Rán. Féllst hann á að fara þangað eftir nokkurt þras.

Vitnið ók aftur að Rán, og fór Steinar þar inn. Vitnið beið talsverða stund í bifreiðinni, um 15 til 20 mínútur. Fór það þá inn í veitingahúsið til þess að athuga, hvort Steinar væri þar ekki. Vitnið sá, að hann var að ræða við dyravörð, og var kona hjá honum. Konan var mjög ölvuð og átti erfitt með að standa á fótunum. Vitninu virtist sem sættir væru að takast milli Steinars og dyravardarins, og fór það því aftur út í bifreiðina. Vitnið beið síðan 5 til 10 mínútur, en þá kom Steinar út í bifreiðina. Hann var einn, og fannst vitninu hann talsvert hugsandi. Þegar vitnið ætlaði að aka af stað, bað Steinar það að bíða og sagði, að konan vildi ekki koma með honum. Sagði hann, að hún vildi heldur fara með lögreglunni en honum. Steinar fór síðan aftur inn í veitingahúsið Rán. Kom hann aftur eftir skamma stund, og var þá konan með honum. Þau settust inn í bifreiðina, og bað konan vitnið um að aka að húsinu við Njálsgötu, sem það man ekki númerið á. Steinar vildi hins vegar fara að Laugavegsapóteki.

Vitnið ók aftur að Laugavegsapóteki, og vildi Steinar þá, að konan kæmi með sér inn í apótekið. Vitnið neitaði því og sagði, að þau færu ekki bæði

úr bifreiðinni, nema greiða ökugjaldið fyrst. Steinar varð þá reiður og heimtaði að fara á lögreglustöðina. Sagði vitni það vera í lagi. Vitnið spurði konuna, hvort hún ætlaði að greiða ökugjaldið. Sagði hún svo vera og vildi gera gott úr þessu.

Vitnið ók af stað áleiðis að lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Steinar var að rifast við það, en konan var sífellt að segja honum, að þetta væri tóm rugl í honum. Vitnið bað Steinar að þegja, og varð hann þá mjög æstur og reiður. Hótaði hann því barsmíðum og líkamsmeiðingum, kreppti hnefana og gerði sig líklegan til árásar. Vitnið kallaði þá um talstöð bifreiðarinnar og bað um að hringt yrði til lögreglunnar og sagt, að það væri á leiðinni að lögreglustöðinni við Hverfisgötu með farþega. Á þessum tíma var vitninu ekki orðið sama. Óttaðist það, að Steinar myndi ráðast á það, og vildi því láta vita af sér. Þegar að lögreglustöðinni kom, komu tveir lögreglumenn fljótlega út. Steinar fór út úr bifreiðinni, en konan ekki strax, og fannst vitninu, sem hún vildi ekki fara inn á lögreglustöðina. Konan greiddi ökugjaldið með Visa kreditkorti og reyndi að skrifa nafn sitt á reikninginn, en það varð nær ólæsilegt. Eftir það fór konan út úr bifreiðinni. Þegar vitnið ók í burtu, stóðu þau fyrir utan lögreglustöðina. Hélt Steinar utan um hana og virtist halda henni uppi.

Um kl. 15:30 framangreindan dag var óskað aðstoðar lögreglu frá biðskýlinu á Hlemmi. Var sagt, að þar væru maður og kona, sem væru annað hvort blindfull eða í dópi. Væri maðurinn alveg að hengja konuna. Togaði hana á hárinu og lemdi allt og berði. Kvaðst sá, er hringdi, aldrei hafa séð fólk þetta áður í biðskýlinu. Konan stæði, þar sem áður var ísbúð og gréti.

Lögreglumenn fóru á staðinn. Þegar þangað kom, skýrði umsjónarmaður í biðskýlinu þeim frá því, að maðurinn og konan hefðu verið í áflogum og að kýta. Vísaði hann þeim á þau Steinar Guðmundsson og Guðmundu Gísladóttur. Voru þau flutt á lögreglustöðina vegna ölvunar og leidd fyrir Bertram Möller varðstjóra. Þau sögðust vera í sambýli. Kváðust þau ekki hafa verið í áflogum í biðskýlinu, heldur hefði einhver maður ráðist þar að Steinari. Að boði varðstjóra var þeim Steinari og Guðmundu ekið heim til Steinars að Njálsgötu 48A.

Nokkur vitni, er voru í biðskýlinu, hafa mætt í dómi.

Vitnið Magnús Dalmann Hjartarson umsjónarmaður hefur skýrt frá því, að það hafi verið við störf í biðskýlinu hinn 31. janúar sl. Einhvern tímann síðdegis þennan dag komu þar inn maður og kona, sem vitnið þekkti ekki. Þau voru bæði ölvuð. Þau áttu í rifrildi, og átti maðurinn aðallega þátt í því. Vitnið kveðst hafa hringt í lögregluna, fljótlega eftir að fólk kom, vegna drykkjuláta í því. Lögreglan kom ekki, og þar sem deilur milli fólksins virtust aukast, hringdi það aftur, enda hafði afgreiðslufólk í verslunum

í biðskýlinu kvartað við vitnið út af fólkinu. Vitnið kveðst hafa séð er maðurinn lenti í átökum við ungan mann, er var í biðskýlinu. Var það um það bil sem átökunum var að ljúka. Vitnið kveðst hafa farið og hringt tvisvar til lögreglunnar, eins og áður greinir, og því ekki hafa séð allt það, sem gerðist í biðskýlinu umrætt sinn.

Vitnið Sólrún Jósefína Valsdóttir verslunarmaður, Hamraborg 4, Kópavogi, kveðst vinna í biðskýlinu á Hlemmi. Framangreindan dag, um kl. 15:00, er vitnið var við vinnu í biðskýlinu, komu þangað inn maður og kona, sem vitnið þekkir ekki. Þau voru bæði ölvuð og maðurinn sýnu meira. Konan settist á bekk skammt frá, þar sem vitnið var að vinna. Maðurinn stóð fyrir framan hana og virtist vera mjög æstur. Hann bað konuna að koma með sér, en hún neitaði, og veittist maðurinn þá að henni. Kom þá að unglingspiltur og skarst í leikinn. Lenti hann í átökum við manninn, og féllu þeir báðir í gólfið. Pilturinn lenti ofan á manninum. Vitnið sagði piltinum að sleppa manninum. Hann væri sjálfur ódrukkinn, en maðurinn fullur. Pilturinn sleppti þá manninum, og stóðu þeir báðir upp.

Það næsta, sem vitnið sá, var það, að konan var staðin upp og virtist vera á leiðinni að söluopinu til Nínu Hafdísar Arnold. Maðurinn kom þá æðandi aftan að konunni, tók í trefilinn, sem hún hafði um hálsinn og kipti í. Hann sagði eitthvað á þá leið: „Svona fer ég að því að drepa þig.“ Maðurinn sleppti síðan treflinum, tók um hár konunnar aftanvert og keyrði höfuð hennar aftur á bak. Maðurinn sleppti síðan tökum á konunni. Hélt hún að söluopinu, þar sem ís er seldur, og stóð þar grátandi.

Vitnið kveðst hafa hringt í lögregluna vegna þess, er að framan greinir, en auk þess hafði Steinunn Ágústa hringt að því er vitnið frétti síðar. Kom lögreglan skömmu síðar og flutti manninn og konuna á brott.

Vitnið Steinunn Ágústa Jónsdóttir verslunarmaður, Bólstaðarhlíð 40, starfar í biðskýlinu á Hlemmi. Vitnið kveðst hafa lokið vakt sinni í biðskýlinu um kl. 13:00 hinn 31. janúar sl. og farið á brott. Vitnið kom aftur um kl. 15:00 og fór að söluopi, þar sem verslað er með ávexti, en þar var þá við vinnu Nína Hafdís Arnold, dóttir þess. Vitnið kveðst hafa veitt athygli manni og konu, sem sátu á bekk, skammt frá söluopinu. Virtist því fólk þetta vera undir áfengisáhrifum eða í einhvers konar óeðlilegu ástandi. Maðurinn var mjög æstur, en konan virtist vera róleg, en mjög slöpp öll að sjá.

Vitnið heyrði aldrei neitt af því, sem manninum og konunni fór á milli, en sá til þeirra. Talsvert af fólki var í biðskýlinu, m.a. unglingspiltur, sem vitnið heyrði, að sagði við manninn: „Þú ert kvenniðingur.“ Maðurinn gekk þá frá konunni og rauk í piltinn. Þeir tókust á, og féllu báðir í gólfið og pilturinn ofan á. Þegar þeir höfðu risið á fætur, æddi maðurinn aftan

að konunni, greip með hægri hendi um sitthvorn enda á trefli, sem hún var með um hálsinn, og herti að, að því er vitninu virtist. Hann greip og með vinstri hendi í hár konunnar og keyrði hana aftur á bak. Vitnið kveðst hafa farið í símann og hringt til lögreglunnar. Á meðan vitnið var að tala við lögregluna, sleppti maðurinn konunni. Fór hún að söluopi, þar sem ís hefur verið seldur, og stóð þar og grét. Konan gekk síðan eitthvað í burtu og hvarf vitninu sjónum. Skömmu síðar kom lögreglan á vettvang og flutti manninn og konuna á brott.

Vitnið Nína Hafdís Arnold verslunarmaður, Ásgarði 4, Garðabæ, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að vinna í biðskýlinu á Hlemmi 31. janúar sl. Um kl. 15:00 veitti vitnið athygli þar inni Steinari Guðmundssyni, sem það kannast við. Virtist vitninu hann töluvert ölvaður eða undir áhrifum lyfja. Steinar var í æstu skapi. Vitnið kveðst hafa heyrt, að Steinar sagði við konu, sem sat á bekk í biðskýlinu, að koma með sér. Þegar konan neitaði, sagðist Steinar ætla að hringja á lögregluna og láta hirða hana. Eftir þetta kom piltur á vettvang og bað Steinar um að láta konuna í friði og kallaði hann kvenniðing. Lentu pilturinn og Steinar í átökum og féllu í gólfíð.

Á meðan Steinar og pilturinn voru í áflogum, kom konan að söluopinu til vitnisins og bað um pakka af vindlingum. Benti vitnið henni á næsta söluop, og fór konan þangað. Það næsta, sem gerðist, var það, að Steinar kom aftan að konunni, tók í sitthvorn enda á trefli, sem hún var með um hálsinn, og herti að. Sagði hann um leið eitthvað á þessa leið: „Svona get ég hengt þig, helvítið þitt.“ Hann tók síðan í hár konunnar aftan til, sveigði höfuð hennar aftur á bak og hvíslaði einhverju í eyra hennar. Steinar sleppti síðan konunni, og gekk hún frá honum. Kallaði Steinar þá klúryrði á eftir henni. Á meðan þetta gerðist, hafði verið hringt á lögregluna. Kom hún nokkru síðar og fór með konuna og Steinar á brott.

Vitnið Birgir Guðbjartsson verkamaður, Búdargerði 9, kveðst hafa verið statt í biðskýlinu á Hlemmi einhvern tímann eftir hádegi 31. janúar sl. Komu þangað inn maður og kona, sem vitnið þekkti ekki. Þau voru bæði ölvuð og maðurinn undir áhrifum lyfja að vitninu virtist. Vitnið kveður konuna hafa verið með trefil um hálsinn, en man að öðru leyti ekki, hvernig hún var klædd. Maðurinn var í æstu skapi. Fór hann að áreita konuna. Hann hristi hana til og togaði í trefilinn, sem hún var með um hálsinn, og herti að. Maðurinn hótaði að stytta konunni aldur, þar sem hún væri að bera upp á hann sögur.

Vitnið kveðst hafa gengið að manninum og sagt við hann eitthvað á þessa leið: „Er þetta það eina sem þú getur ráðist á?“ Maðurinn sló þá til vitnisins. Vitnið bar fyrir sig höndina, og lenti hún í andliti mannsins. Heldur vitnið, að við það hafi farið að blæða úr vör hans. Vitnið og maðurinn

tókust síðan á. Féllu þeir báðir í gólfið, og lenti vitnið ofan á manninum. Átökum þeirra var þar með lokið, og stóðu þeir báðir upp. Lögreglan var kvödd á staðinn í lok átakanna.

Vitnið Leó Örn Guðmundsson, Völvufelli 44 hér í borg, kveðst hafa komið að Njálsgötu 48A um kl. 14:00, þriðjudaginn 31. janúar sl., en þar býr frændi þess Vilhjálmur Sigurðsson. Gluggi í stofu íbúðarinnar snýr móti vestri og er við eða mjög stutt frá innganginum að íbúð Steinars Guðmundssonar. Vitnið var eitt í íbúðinni. Um kl. 16:00 sat það við símann í stofunni, þegar það heyrði umgang fyrir utan. Vitnið stóð upp og leit út um stofugluggann. Sá það Steinar frænda sinn og dökkklædda konu með honum. Þegar vitnið varð þeirra vart, virtist því konan vera hálfbogin, eins og hún hefði hrasað og væri að standa upp. Steinar hélt í hönd hennar, og heyrði vitnið, að hann sagði: „Fyrirgefðu, fyrirgefðu, fyrirgefðu.“ Vitnið þekkti Guðmundu Gísladóttur allsæmilega, en var ekki visst um, að þetta væri hún, þar sem því virtist kona þessi þybbnari og einhvern veginn með öðruvísi hár. Vitnið kveðst hafa orðið þess vart, að konan og Steinar voru ölvuð. Vitnið fylgdist með Steinari og konu þessari, meðan þau gengu upp tröppurnar, og sá síðast til þeirra, þegar þau fóru inn um dyrnar að íbúð Steinars að Njálsgötu 48A.

Vitnið var í stofunni þar til kl. um 17:00, en fór þá niður í 1. hæð hússins og var þar þangað til kl. 18:20, en þá skömmu áður hafði faðir þess komið og farið með því á brott.

Vitnið kveðst ekki hafa heyrt neitt frá íbúð Steinars, frá því hann og konan komu þangað um kl. 16:00, og ekki orðið vart mannaferða.

Vitnið Jón Yngvi Yngvason rithöfundur kveðst hafa þekkt ákærða, Steinar Guðmundsson, frá því þeir voru saman í áfengis meðferð að Staðarfalli vorið 1982. Það hafi hitt hann nokkrum sinnum síðar, einkum frá því vorið 1983, en þá kom það fyrst heim til hans. Þeir drukku stundum saman. Vitnið fékk að liggja inni hjá Steinari síðla sumars 1983 í nokkrar nætur. Vitnið kveður Steinar hafa notað mikið af lyfjum, en veit ekki, hvaða lyf það voru.

Vitnið hitti Guðmundu Gísladóttur nokkrum sinnum heima hjá Steinari, og var það ávallt í sambandi við áfengisneyslu. Þau Steinar og Guðmunda kýttu oft, og fannst vitninu Guðmunda eiga ávallt upptökin. Fékk Guðmunda eins og æðisköst, að því er vitninu fannst án ástæðna.

Vitnið hitti Steinar um 2 vikum fyrir framangreindan atburð, en Guðmundu hafði það ekki hitt frá því einhvern tíma haustið 1983.

Vitnið kveðst hafa verið á leið heim til vinar síns hinn 31. janúar sl. upp úr kl. 18:00 og átt leið fram hjá heimili Steinars. Vitnið var töluvert mikið ölvuð. Hafði það verið að drekka af og til þennan dag. Vitninu datt í hug að athuga, hvort Steinar væri heima, og barði að dyrum hjá honum.

Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort ljós var í íbúðinni. Þegar það heyrði í einhverjum inni í íbúð Steinars, kallaði það: „Þetta er Jón Yngvi.“ Síðan barði vitnið aftur að dyrum, og alveg um leið kom Steinar til dyra. Steinar var hágrátandi og í miklu uppnámi. Hann sagði eitthvað á þá leið: „Ég held ég sé búinn að drepa hana Mundu.“ Vitnið kveðst hafa farið strax með Steinari inn í herbergi inn af eldhúsi. Þar var ljós, en myrkur í eldhúsinu. Guðmunda lá þar á bakinu í svefnsófa með sæng undir fótum. Vitnið kveðst hafa komist í mikið uppnám. Það kveðst ekki hafa séð áverka á Guðmundu. Vitnið kannaði strax, hvort lífsmark væri með henni. Lagði það hægri hönd á brjóst hennar, en fann ekki hjartslátt, en áður hafði það tekið á púlsi beggja handa og engan fundið. Vitnið lagði vanga að vitum Guðmundu, en fann engan andardrátt. Það tók á fótum Guðmundu, en hún var berfætt, og fann það, að fætur hennar voru byrjaðir að kólna. Steinar sagðist vera búinn að kanna þetta allt saman og sagðist viss um, að Guðmunda væri látin. Sagði hann vitninu, að hann hefði hengt hana í hvítum trefli, sem lá á gólfinu við höfðalag svefnsófans. Vitnið minnir, að Steinar hafi tekið trefilinn upp af gólfinu og hent honum inn í næsta herbergi.

Steinar lá yfir Guðmundu, á meðan vitnið athugaði hana. Hann hágrét og endurtók í sífellu: „Elsku Guðmunda hvað hefi ég gert?“ Vitnið kveðst einnig hafa grátið.

Vitnið sagði Steinari, að það ætlaði að hringja strax í lögregluna, en hann sagðist vilja gera það sjálfur. Steinar hellti síðan brennivíslögg úr flösku í glas og ávaxtasafa út í og drakk það. Hann tók og pilluglös úr hillu og hellti í sig einhverjum pillum, en um magnið veit vitnið ekki. Vitnið var með flösku af léttu víni, tæplega hálf, og drakk úr henni á mjög skömmum tíma.

Steinar fór síðan í símann og hringdi á lögregluna. Hann kynnti sig, og vitnið minnir hann hafa játað á sig morð strax, en man ekki, hvað hann sagði orðrétt.

Vitnið og Steinar fóru báðir fram í dyr og út, þegar lögreglan kom.

Vitnið varð ekki vart við ummerki um, að átök hefðu átt sér stað í íbúð Steinars.

Vitnið kveður þá Steinar eitt sinn hafa rætt um Guðmundu. Steinar sagði, að sér þætti vænt um hana og gæti ekki slitið sig frá henni, þrátt fyrir það að hún gengi á milli karlmanna, eins og hann orðaði það. Hann sagði, að hún færi til annarra karlmanna, þegar peningar væru búnir hjá honum, en kæmi aftur, þegar hann ætti peninga. Þá sagði vitnið, að það hefði heyrt Guðmundu a.m.k. einu sinni og jafnvel oftast kvelja Steinar með því, að hún ætti vingott við aðra karlmenn, og fannst því hún hafa einhverja nautn af því að kvelja Steinar með þessu móti.

Vitninu fannst Steinar mjög niðurbrotinn vegna þessa og taldi hann á að slíta þessu sambandi, en hann sagðist elska Guðmundu.

Vitnið Bertram Möller aðstoðarvarðstjóri hefur skýrt frá því, að framangreint kvöld, um kl. 19:20, hafi verið óskað eftir vitninu í fangamóttöku. Lögregluþjónar, sem þar voru staddir með tvo ölvaða menn, skýrðu vitninu frá því, að þeir hefðu skömmu áður tekið menn þessa í íbúð að Njálsgötu 48A, en þar hefði orðið dauðsfall og gæti hugsanlega verið um manndráp að ræða.

Vitnið ræddi við annan manninn, ákærða Steinar Guðmundsson. Steinar virtist mjög ölvaður og í mikilli geðshræringu. Var hann nánast óviðræðuhæfur vegna ástands síns. Hann kvaðst halda, að hann hefði drepitð kærustu sína, en talaði ekki frekar um þetta.

Síðan var rætt við hinn manninn, sem kvaðst heita Jón Yngvi Yngvason. Jón Yngvi virtist greinilega undir áhrifum áfengis. Hann kvaðst hafa komið að Njálsgötu 48A um kl. 18:00 til að heilsa upp á Steinar kunningja sinn, en þeir hefðu verið saman í áfengismeðferð. Jón Yngvi kvað Steinar hafa komið til dyra grátandi og sagt sér, að hann hefði drepitð kærustu sína með því að hengja hana í trefli. Jón kvaðst þegar hafa farið inn og séð konuna liggja í rúmi, að því er virtist meðvitundarlaus. Hann hefði athugað puls hennar og talið sig finna veikan slátt. Hann kvaðst þá þegar hafa ætlað að hringja á lögregluna, en Steinar hefði hindrað hann í því. Eftir dágóða stund hefði Steinar sjálfur hringt til lögreglunnar og tilkynnt um atburðinn.

Ákærði, Steinar Guðmundsson, hefur viðurkennt að hafa orðið Guðmundu Gísladóttur að bana í átökum að Njálsgötu 48A framangreindan dag.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi kynnst Guðmundu um áramótin 1979-80, er þau voru í áfengismeðferð að Sogni, og hafi tekist með þeim náin kynni á árinu 1980. Skildi Guðmunda við eiginmann sinn það ár. Ákærði og Guðmunda hafa síðan verið mikið saman, en á ýmsu hefur gengið með samskipti þeirra. Þjó ákærði stundum um tíma hjá henni að Öldugötu 48A í Hafnarfirði, en þar bjó hún með þremur börnum sínum. Þetta endaði þó venjulega með því, að þau fóru að neyta áfengis og upp úr sambandinu slitnaði.

Einnig kom Guðmunda til ákærða. Var hún þá oft með áfengisáhrifum. Kom fyrir, að hún var heima hjá honum í tvo daga og allt að einni viku.

Síðastliðið ár var samband þeirra ákærða og Guðmundu orðið mjög erfitt. Hafði ákærði fullan hug á að losna úr því, en þá var þetta orðið öfugt, hún gekk á eftir honum. Að sögn ákærða átti Guðmunda við vaxandi fjárhagsvandamál og lyfjamisnotkun að stríða, og kom stundum fyrir, að hún var með öðrum karlmönnum.

Laugardaginn 21. janúar 1984 buðu þau pilti heim til ákærða að Njálsgötu 48A, og að sögn ákærða fór Guðmunda á brott með piltinum. Þau ákærði og Guðmunda ræddust ekki við í eina viku eftir þetta, og gekk honum mjög illa að sofa þennan tíma. Lenti hann á fylleríu eitt kvöldið og reyndi að hafa samband við Guðmundu. Hann kveðst hafa fengið bréf frá henni á föstudegi, þar sem hún sagði, að sér hefði liðið mjög illa og þyrfti nauðsynlega að hafa samband við hann. Guðmunda mun einnig hafa tekið fram, að sér þætti leitt það, sem gerst hefði laugardaginn áður, en ekkert hefði skeð milli hennar og piltins.

Þessa daga kveðst ákærði hafa átt bágð með svefn, eins og áður greinir. Hann svaf í rúmi ömmu sinnar á neðri hæð hússins í öllum fötunum, eins og hann gerði oft við svipaðar aðstæður. Kveðst hann stundum fyllast miklum kvíða og sett svefnbekk upp við hurðina (sic), þar eð tvisvar hafi verið brotist inn á hann. Ákærði kveðst hafa farið heim til Guðmundu á föstudag, eftir að hafa hellt sig fullan áður, en hún hefði þá verið farin á dansleik. Guðmunda hafi síðan komið til hans daginn eftir, laugardag 28. janúar. Kom Gísli Birgir, sonur hennar, með henni, en fór strax á brott. Guðmunda var þá mjög sjúskuð og undir áhrifum lyfja eftir því sem hún sagði sjálf.

Hún sagðist hafa verið að skemmta sér í veitingahúsinu Skiphóli og hitt þar fólk. Nefndi hún bróður fyrrverandi eiginmanns hennar, Gunnar að nafni, og einhvern pilt, sem hefði verið eitthvað með dóttur hennar. Guðmunda sagðist og hafa hitt einhvern skipstjóra og hefði hann viljað fara með henni heim, en hún neitað því. Hefði hann þá talað um að fara í einhvern bát, en hún einnig neitað. Þau hefðu síðan hitt einhverja tvo pilt, sem hún sagðist hafa verið með í áfengismeðferð. Hefði þetta síðan endað með því, að hún og skipstjórinn fóru með piltunum í eitthvert hús í Hafnarfirði. Í húsi þessu sagðist Guðmunda hafa fengið amfetamínduft í nös, og skildist ákærða að flestir eða allir nema skipstjórinn, sem hefði sofnað, hefðu neytt af þessu.

Guðmunda sagðist eftir einhvern tíma hafa ætlað að fara, en henni hefði verið meinað það. Hefði henni verið hent inn í herbergi og læst þar inni. Síðan hafi ein stúlkanna, sem þarna var, komið inn í herbergið og ráðist á hana. Hefði hún m.a. rífið hana úr að ofan, og talaði Guðmunda um, að stúlkann hefði verið með eitthvert barefli, sem hún hefði lamið sig með. Þá sagði Guðmunda, að piltarnir hefðu lagt á hana hendur, og talað um, að þeir hefðu ætlað að nauðga henni, en ekki tekist það. Henni hefði síðan verið varpað á dyr. Guðmunda kvaðst hafa komist í hús skammt frá og þaðan hefði verið hringt í lögreglu og lækni. Lögreglan hefði komið, en lögreglumennirnir hefðu sagt, að þeir gætu ekkert gert. Hún sagðist hafa sagt þeim frá líkamsrásinni og jafnvel nauðgunartilrauninni og einnig getið

um fíkniefni. Guðmunda sagði, að læknir hefði komið og hefði hann sagt henni, að hún þyrfti að leggja sig í 3 til 4 tíma og koma þá til skoðunar, en hún sagðist hafa viljað fá áverkavottorð. Guðmunda sagði ákærða, að hún hefði orðið fyrir andlegu og líkamlegu ofbeldi. Ákærði minnst þess ekki, að Guðmunda nefndi nöfn á fólki þessu.

Guðmunda var hjá ákærða til hádegis, en þá fóru þau á barinn á Hótel Loftleiðum. Ákærði kveðst hafa verið ódrukkinn. Á barnum hittu þau tvo pílta, sem báðir höfðu verið í áfengismeðferð með Guðmundu á Staðarfelli. Þeir buðu þeim upp á herbergi, sem þeir höfðu á leigu á hótelinu. Neyttu þau þar áfengis og urðu bæði mjög ölvuð.

Guðmunda fór í bað uppi á herberginu, og bað hún ákærða að líta á áverka, sem hún sagðist hafa hlotið í húsinu í Hafnarfirði. Ákærði kveðst muna eftir tveimur dökkum blettum á baki hennar rétt við hrygginn. Þá man ákærði eftir marblettum og klóri á handleggjum. Minnir ákærða, að marblettirnir hafi verið á framhandleggjum og klór eða blettir á öðrum handlegg og eitthvað af áverkum á öðru handarbaki. Þá minnir hann, að einhver áverki hafi verið á öðru læri og við rassinn.

Drykkjan á herberginu endaði með því, að þau Guðmunda rifust. Fór ákærði niður og ætlaði á barinn, en var neitað um inngöngu. Hann beið þarna smá stund og ræddi við dyravörð, en því næst fór hann heim að sofa. Ákærði telur, að þetta hafi verið á tímanum frá kl. 19:00 til 20:00.

Um kl. 09:00 á sunnudagsmorgninum vaknaði ákærði við símhringingu, og var Guðmunda í símanum. Hún sagðist vera á herberginu á Hótel Loftleiðum. Guðmunda spurði, hvort hún mætti koma, og játti ákærði því.

Guðmunda var litillega ölvuð, er hún kom. Hún var heima hjá ákærða um daginn. Ákærði vildi, að þau hættu drykkju, en Guðmunda vildi fá áfengi, og um kl. 18:00 til 19:00 fóru þau á veitingahúsið Rán. Þar fengu þau sér að borða og drukku áfengi. Þau voru í veitingahúsinu, uns því var lokað, og fóru á brott um kl. 24:00. Þau voru þá töluvert ölvuð. Fóru þau beint heim til ákærða og fóru að sofa.

Mánudagsmorguninn 30. janúar vöknudu þau nokkru fyrir hádegisd. Fóru þau aftur á veitingahúsið Rán og borðuðu þar og drukku áfengi. Ákærði man síðan ekkert eftir mánudeginum.

Hinn 31. janúar, er þau vöknudu um hádegisbilið, fóru þau enn á veitingahúsið Rán. Þar borðuðu þau og drukku áfengi.

Ákærði fór í leigubifreið frá veitingahúsinu Rán og ætlaði að sækja lyf í Laugavegsapótek, en var ekki með greiðslukort sitt og fékk ekki afgreiðslu. Þegar ákærði kom út í leigubifreiðina, sem var frá Steindóri, sagði bifreiðarstjórinn, að kallað hefði verið í hann og hann beðinn um að sækja Guðmundu á veitingahúsið Rán. Þegar ákærði kom inn á veitingahúsið, var Guðmunda lögst þar út af í einn básinn. Starfsfólk sagði ákærða, að

hún væri til óþæginda, og bað hann um að koma henni út, svo að ekki þyrfti að kalla til lögreglu. Ákærði fékk Guðmundu til að koma með sér út í leigubifreiðina. Guðmunda var mjög drukkin en ákærði sjálfur nokkuð ölvaður. Þau höfðu tekið inn nokkrar töflur af diazepam, 5 mg. Ákærði telur, að hann hafi tekið 6-8 töflur frá því hann vaknaði, en Guðmunda sennilega eitthvað minna.

Þetta lyf kveðst ákærði hafa notað meira og minna í um 10 ár. Einnig hafði hann dagana áður tekið inn nokkrar töflur af mogadon og eitthvað af concordin. Ákærði kveður Guðmundu hafa notað þessi lyf eitthvað í nokkurn tíma, en veit ekki hve lengi.

Þegar út í leigubifreiðina kom, urðu deilur um greiðslu á ökugjaldi. Voru þau flutt á lögreglustöðina af því tilefni. Greiddi Guðmunda þar ökugjaldið, en síðan var þeim sleppt.

Fóru þau beint út í biðskýli strætisvagnanna við Hlemmtorg. Fannst ákærða Guðmunda þá vera komin út úr heiminum, og minnr hann, að hann væri að reyna að fá hana til að koma heim. Einhver piltur fór að blanda sér í orðaskipti þeirra, og endaði það með því, að ákærði lenti í átökum við piltinn. Ákærði heldur, að pilturinn hafi fyrst slegið hann á munninn, a.m.k. var hann með bólgna neðri vör. Pilturinn hafði ákærða undir, og heldur ákærði, að lögreglan hafi komið í því.

Lögreglumenn fóru með ákærða og Guðmundu á lögreglustöðina. Þar ræddi Bertram Möller varðstjóri við þau, en lét síðan aka þeim heim til ákærða.

Ákærði kveðst lítið muna eftir sér, er heim kom, en hann hafi sofnað. Hann telur, að Guðmunda hafi einnig lagt sig, en getur ekki sagt um það nánar. Hann kveðst ekki muna eftir henni í rúminu hjá sér.

Ákærði man ekki, hvað klukkan var, þegar hann vaknaði í rúmi sínu. Hann segist hafa vaknað illa. Dimmt var í herberginu. Guðmunda stóð yfir honum við höfðagaflinn á rúmi hans. Hún talaði um, að hún væri að fara á brott. Guðmunda var klædd og með hvítan trefil um hálsinn. Ákærði heldur, að einhver maður hafi skilið eftir trefil þennan heima hjá honum. Ákærði vildi ekki, að Guðmunda færi á brott, og bað hana að vera kyrra, en hún vildi ekki á það fallast. Guðmunda var með trefilinn tvívafinn um hálsinn, og löfðu endarnir niður á brjóst. Ákærði kveðst hafa gripið í trefilinn með annarri hendinni og dregið Guðmundu niður eða kipt henni að sér til að hindra að hún færi. Guðmunda lenti ofan á brjósti ákærða, og kom hann henni upp fyrir sig í rúminu. Sjálfur settist hann á rúmstokkinn að hann heldur. Guðmunda barðist eitthvað á móti og reyndi að losa sig. Ákærði hélt fast í trefilinn nærri hálsi Guðmundu, þar sem hún lá í rúminu. Átökin héldu áfram, og Guðmunda reyndi áfram að losa sig. Ákærði kveðst hafa reynt að tala Guðmundu til, en hún hafi

reynt að komst fram úr rúminu. Ákærði hélt í trefilinn, átökin jukust og hann reyndi eins og hann gat að halda henni fastri í rúminu. Ekki kveðst ákærði geta gert sér grein fyrir, hve átökin stóðu lengi yfir, en hann varð þess var, að Guðmunda varð máttlaus, og taldi, að liðið hefði yfir hana. Sleppti ákærði þá taki á treflinum og losaði hann af hálsi Guðmundu, en trefillinn var tvívaflinn um háls hennar og þétt fastur, eins og áður greinir.

Ákærði kveðst hafa lagst í rúmið hjá Guðmundu og fundið að sængurfötin voru blaut og að hún hefði misst þvag. Hann tók trefilinn af hálsi Guðmundu og henti honum í gólfið.

Ákærði varð mjög órólegur. Hann lagði eyrað að brjósti Guðmundu, en heyrði ekki hjartslátt. Einnig athugaði hann púls hennar, en fann engan. Ákærði kveðst hafa slegið Guðmundu létt högg á kinnarnar og hrist hana til, en ekkert lífsmark hafi verið með henni. Ákærði settist á stól við fótagafl svefnbeksins, og varð honum ljóst, að Guðmunda var látin. Hann tók á fótum hennar og fannst þeir vera kaldir. Ákærði hafði breitt sængina yfir Guðmundu. Ákærði sat í stólnum, þegar barið var að dyrum. Var það stuttu eftir það, er gerst hafði að ákærði telur. Ákærði fór til dyra, og var þar Jón Yngvi Yngvason, sem ákærði þekkti. Ákærði var grátandi og sagði Jóni, hvað gerst hafði, þ.e. að hann héldi, að hann hefði orðið Guðmundu að bana. Jón Yngvi var eitthvað ölvaður. Hann athugaði Guðmundu, en fann hvorki hjartslátt né púls. Jón Yngvi vildi hringja á lögregluna, en ákærði sagðist vilja gera það sjálfur. Ákærði neytti síðan áfengis, en hringdi að því búnu á lögregluna og skýrði frá átökunum og að hann héldi, að hann hefði orðið Guðmundu að bana. Lögreglumenn komu fljótt á vettvang. Fóru ákærði og Jón Yngvi til dyra. Ákærði kveðst hafa hlaupið út á móti lögreglumönnum og vísað þeim inn, þar sem ákærði bjó í bakhúsi og torvelt að finna innganginn.

Ákærði og Jón Yngvi voru fluttir á lögreglustöðina. Þar ræddi Bertram Möller varðstjóri við hann, og sagði ákærði honum, hvað gerst hafði.

Þá ræddu rannsóknarlögreglumenn við ákærða uppi í fangageymslunni, og endurtók ákærði sögu sína. Ákærði var færður á slysadeild Borgarspítala og tekið þar úr honum blóðsýni og gerð á honum líkamsskoðun. Þvagsýni var tekið frá ákærða.

Ákærði var spurður um blóð, sem fannst á vegg í íbúð hans. Ákærði telur þá einu skýringu vera á því, að þau Guðmunda hafi verið að drekka saman 19. eða 20. janúar sl. og orðið sundurorða. Hafi hann slegið hana utan undir svo að hún fékk blóðnasir.

Vakin var athygli ákærða á því, er greinir í skýrslu rannsóknarlögreglu, að á gólfi við höfðalag svefnbeksins, sem Guðmunda lá á, hafi verið lítil dökk hárflygsa, svo og að í dyraopi í herbergi inn af stofu hafi verið trefill,

er á voru blóðlitaðir blettir, kám og hárflygsa. Ákærði kveðst ekki geta sagt um, hvort hann hafi tekið í hár Guðmundu í átökunum.

Ekki getur ákærði gert sér grein fyrir því, hvort Guðmunda var í kulda-stígvélunum, þegar hún ætlaði á brott og átökin urðu. Hann getur ekki heldur staðhæft um það, hvort hann klæddi Guðmundu úr stígvélunum að átökunum loknum.

Ákærði kveðst ekki hafa ætlað að svipta Guðmundu lifi, en einungis að koma í veg fyrir, að hún færi á brott.

Ákærða var kynntur framburður Kristgeirs Sigurgeirssonar leigubifreiðarstjóra um, að ákærði hefði viðhaft þau ummæli laugardagskvöldið 28. janúar sl., að hann ætlaði að drepa Guðmundu, unnustu sína, og dyraverði og talað um að skera þá á háls. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessu og ekkert geta sagt um, hvort hann hafi viðhaft þessi ummæli. Hann kveðst ekki neita að hafa sagt eitthvað í þessa átt. Hann sé oft stórorður og viti, að hann hafi látið sér svona orð um munn fara.

Ákærða var kynnt skýrsla Jónasar Haraldssonar leigubifreiðarstjóra, sem hefur verið rakinn, og kvaðst hann ekkert hafa við hana að athuga.

Ákærða var bent á framburði Nínu Hafðísar Arnold, Sólrúnar Valsdóttur og Steinunnar Ágústu Jónsdóttur. Ákærði kvaðst ekkert muna um það, sem í framburðum þeirra greinir, en ekki vefengja það. Hann man þó eftir átökum við pilt á Hlemmi. Þá kveður ákærði sig ráma í, að Guðmunda hafi ætlað burt úr biðskýlinu á Hlemmi, en hann man ekki til þess, að hann hafi reynt að hindra það.

Ákærði gerði þá athugasemd við ákæru, að hann hefði ekki séð, er Guðmunda missti meðvitund, enda hafi verið dimmt í herberginu. Hann hafi slakað á treflinum, þegar hann fann, að Guðmunda gaf eftir og hann taldi, að hún hefði misst meðvitund.

Í vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dags. 16.3. sl., um skoðun á ákærða Steinari segir á þessa leið:

„Þann 31/1 1984, kl. 21.05 kom lögreglan með ofanskráðan sjúkling á Slysadeild Borgarspítalans. Kemur hann til skoðunar á áverkum, nýjum og gömlum. Sjúklingur er auðsjáanlega undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa, að öðru leyti finnst ferskur áverki á neðri vör vinstra megin. Það er um að ræða mar og hrufll, bæði á vörinni utan og innanverðri. Að öðru leyti finnst mar á hægri öxl, sem gæti verið nýtt en víðs vegar um bol og handleggi er gamalt hrufll og marblettir. Engin meðferð var viðhöfð.“

Í bréfi Þorkels Jóhannessonar prófessors, dags. 8. mars sl. um rannsókn á blóð- og þvagsýni frá ákærða segir á þessa leið:

„Þéttni etanóls í blóði var 2.69% og í þvagi 3.60%. Leitað var að

benzódíazepínsamböndum í blóðinu. Í blóðinu var diazepam 1.37 míkróg/ml og nordíazepam 1.26 míkróg/ml. Í blóðinu var enn fremur nítrazepam 70 ng/ml og með blettageinigum á þynnu mátti greina í þvagi umbrotsefni þess (7-aminóumbrotsefni). Við leit að geðdeyfðarlyfjum í blóði og þvagi urðu engin geðdeyfðarlyf greind.

Niðurstöðutölur þessara rannsókna styðja ekki það álit, að hlutaðeigandi muni hafa tekið prótriptylín (Concordin (R)) skömmu fyrir sýnistöku, né triázólam (Halcion (R)). Magn nítrazepams í blóði svarar til töku þess lyfs (Mogadon (R)) í fremur litlum lækningalegum skömmtum. Magn díazepams og nordíazepams, umbrotsefnis þess, svarar til töku díazepams í stórum lækningalegum skömmtum eða stærri skömmtum í marga daga. Þar að auki hefur maðurinn verið mjög drukkinn, þegar blóðsýni var tekið.“

Í skýrslu Ólafs Bjarnasonar prófessors um krufningu á líki Guðmundu Gísladóttur segir m.a. á þessa leið:

„Líkið er af 163 cm háum kvenmanni fremur grannholda. Líkið er alstirt og dökkrauðbláleitur líkblettir dreifðir um aftanverðan líkamann. Framan á hálsinum vottar aðeins fyrir ljósri rönd á húðinni en greinilegt þrýstingsfar niður í yfirborð húðarinnar er ekki fyrir hendi. Rönd þessi er um 5-6 cm á breidd. Ofan við röndina er húð á hálsi og öll andlitshúð áberandi cyanotisk. Um allt ennið og einnig á ofanverðum kinnum eru útbreiddar fjölmargar punktblæðingar í húðinni. Í augnhvítum og innan á augnlokum eru einnig áberandi svipaðar punktblæðingar. Ofan til á hálsi sitt hvoru megin eru grunnar rispur og litlir hrufblettir í húðinni. Gervitennur eru í efri góm, en neðri gómur er tannlaus.“

Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Rannsóknastofa Háskólans í lyfjafræði), sem fylgir hér með í ljósríti, var magn etanóls í blóði 2.73% og í þvagi 3.57%. Í blóðinu var diazepam 0.31 míkróg/ml og magn nordíazepams 0.17 míkróg/ml.

Niðurstaða:

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því sem fannst við krufninguna virðist ljóst að konan hafi verið kyrkt og að köfnun hafi verið dánarorsök. Hún hefir verið mjög drukkinn er hún lést. Auk þess var magn díazepams í blóði sem svaraði til töku lækningalegra skammta, en samverkandi áhrif alkóhóls og díazepams hafa valdið alvarlegri eitrun.“

Í bréfi Ólafs Bjarnasonar prófessors, dags. 28. f.m., til verjanda ákærða segir á þessa leið:

„Sem svar við fyrirspurn yðar vil ég taka fram að það er álit undirritaðs að hið mikla magn etanóls í blóði og þvagi hinnar látnu, sem og innihald

díazepams og norddíazepams í blóði og vefjum (sbr. réttarefnafræðilegt mat prófessors Þorkels Jóhannessonar dags. 16.5.1984) hljóti að teljast samverkandi orsök að dauða hennar. Hversu þungt sú orsök vegur tel ég mér hins vegar ekki fært að meta.“

Hannes Pétursson yfirlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærða, Steinars Guðmundssonar. Segir svo í ályktun hans í niðurlagi skýrslu, dags. 30. apríl sl., um rannsóknina:

„Að mínu áliti er Steinar Guðmundsson ekki haldinn formlegri geðveiki né heldur greindarskorti. Hins vegar tel ég að Steinar sýni merki um persónuleikatrufnanir, áfengissýki, lyfjamisnotkun og einkenni um tauga-veiklun. Á undanförnum 10-12 árum hefur hann oftlega vistast á meðferðarstofnunum vegna framangreindra vandamála, eins og skýrslur um fyrra heilsufar hans greina frá. Persónuleikatrufnanir Steinars hafa meðal annars komið fram sem kvíði allt frá bernsku og síðar atferlistrufnanir, skapgerðarrestir og áfengismisnotkun allt frá unglingsárum. Í þessu sambandi má ef til vill rekja hluta vandans til lélegra uppeldisskilyrða í bernsku og á unglingsárum. Steinar virðist einnig hafa átt erfitt með að mynda varanleg tilfinningasambönd og auk þess er ljóst, að skóla- og atvinnusókn hans hefur verið mjög óregluleg. Skapgerðarresta Steinars virðist helst verða vart undir áhrifum áfengis og virðist hann þá stundum eiga erfitt með sjálfstjórn. Í sambandi við aðdragandann að því atviki, sem Steinar er kærður fyrir, þá hafði hann að eigin sögn átt við langvarandi vandamál að stríða í sambandi sínu við Guðmundu heitna. Hins vegar er einnig ljóst, að Steinar var að öllum líkindum ofurölvi þegar atburðurinn átti sér stað. Þó líklegt megi því teljast að dómgreind og sjálfstjórn Steinars hafi verið sljóvguð vegna ölvunar þegar atburðurinn átti sér stað, þá tel ég að raunveruleikamat og dómgreind Steinars Guðmundssonar sé annars óskert og hann teljist því sakhæfur.“

#### *Niðurstöður:*

Ákærði, Steinar Guðmundsson, hefur viðurkennt að hafa orðið Guðmundu Gísladóttur, unnustu sinni, að bana í íbúð hans að Njálsgötu 48A framangreint sinn. Kveður ákærði það hafa gerst með þeim hætti, að hann hafi tekið í trefil, sem Guðmunda var með um hálsinn, og dregið hana að sér til að hindra, að hún færi á brott. Hafi hún lent ofan á brjósti hans, þar sem hann lá í rúmi sínu, og hann komið henni upp fyrir sig í rúminu. Guðmunda hafi barist á móti og reynt að losa sig. Ákærði kveðst hafa haldið fast í trefilinn nærri hálsi hennar, uns hann fann, að hún varð máttlaus. Hafi hann talið, að liðið hefði yfir Guðmundu, en hún hafi verið látin, er hann athugaði hana nánar. Nokkru síðar hringdi ákærði til lög- reglu og tilkynnti um það, er gerst hafði.

Svo sem að framan er rakið, segir í krufningarskýrslu, að samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því, sem hafi fundist við krufninguna, virðist ljóst, að Guðmunda hafi verið kyrkt og að köfnun hafi verið dánarorsökin. Að áliti prófessors Ólafs Bjarnasonar, er framkvæmdi krufninguna, hlýtur hið mikla magn etanóls í blóði og þvagi hinnar látnu sem og innihald díazepams og nor-díazepams í blóði og vefjum að teljast samverkandi orsök að dauða Guðmundu, en hversu þungt sú orsök vegi, telji hann sér hins vegar ekki fært að meta.

Ákærði hefur neitað að hafa ætlað að svipta Guðmundu lífi. Þótt ákærði hafi viðhaft ummæli í þá átt skömmu áður, að vitni hafa skýrt frá, og tekið í trefil, sem hún var með um hálsinn um leið, þykir varhugavert að telja sannað gegn neitun hans, að þetta hafi verið ásetningur hans. Verður því brot hans ekki heimfært undir 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Hins vegar var um vísitandi og stórhættulega líkamsárás ákærða á Guðmundu að ræða, sem honum mátti vera ljóst, að bani gæti hlotist af. Þykir háttsemi ákærða varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Er heimilt að beita refsíákvæðum þessum, þótt þau séu eigi greind í ákæru, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, enda var saksóknara og verjanda gefinn kostur á að reifa málið á þeim grundvelli, að háttsemi ákærða kynni að varða við þau.

Ákærði er að áliti dómsins sakhæfur, sbr. og geðheilbrigðisrannsókn.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 5 ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhald hans frá 1. febrúar sl. til dagsins í dag.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000, og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur hdl., kr. 45.000.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Steinar Guðmundsson, sæti fangelsi í 5 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 1. febrúar til 13. september 1984.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000, og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur hdl., kr. 45.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.